

Nefndasvið Alþingis  
Berist iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 30.11.2006

150 REYKJAVÍK

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á hækkun rafmagnsverðs, 5. mál**

Með bréfi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember 2006, er óskað umsagnar Landsvirkjunar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Landsvirkjun telur tillöguna ganga of skammt standi vilji Alþingis á annað borð til þess að láta gera athugun á þessum málum. Fari svo þá sé nauðsynlegt að athuga hvaða breytingar hafa orðið á raforkuverði til hinna ýmsu notendahópa en ekki einungis þau tilvik þar sem hækkanir hafa orðið.

Ekki kemur fram hverjum er ætlað að framkvæma umrædda úttekt né hvernig að henni skuli staðið. Landsvirkjun er reiðubúin til að taka þátt í því starfi ef eftir verður leitað en áskilur sér rétt til að gera athugasemdir og setja fram leiðréttingar ef fyrirtækið telur réttu máli hallað.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson  
forstjóri